

ÁKVÖRÐUN
FLUGMÁLASTJÓRNAR ÍSLANDS nr. 2/2005

um kóðun neyðarsenda á tíðninni 406 Mhz í loftförum skráðum á Íslandi

1. gr.

Allir neyðarsendar á tíðninni 406 Mhz í loftförum sem skrásett eru á Íslandi skulu kóðaðir.

2. gr.

Eiganda og/eða umráðanda loftfars skal skylt að tilkynna flugöryggissviði Flugmálastjórnar Íslands þann kóða sem neyðarsendum hans er úthlutað. Jafnframt skal tilkynna hverja ísetningu, úrtöku og breytingu á kóðun, einnig flutning neyðarsenda milli loftfara áður en viðkomandi loftfar er tekið í notkun. Tilkynningin skal berast flugöryggissviði á eyðublaði MF-406 samkvæmt því verklagi sem það greinir, en eyðublaðið er aðgengilegt á heimasíðu Flugmálastjórnar Íslands.

3. gr.

Kóðinn skal samanstanda af landskóða (251) og skal 7 stafa talnaruna fylgja honum, sem einstæður kóði viðkomandi sendis. Neyðarsendar sem kunna að hafa verið kóðaðir í öðru kerfi eða kerfum skulu endurkóðaðir.

4. gr.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og til reglugerðar nr. 326/2000 um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands, er ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Hún öðlast þegar gildi og kemur í stað ákvörðunar nr. 4/2003 sem fellur úr gildi.

Reykjavík, 4. febrúar 2005

Porgeir Pálsson
flugmálastjóri.